

STJÓRNARTÍÐINDI B 46 – 1998

27. maí 1998

953

Nr. 298

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013, færsla á Búrfellslínu 3A.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 27. maí 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013 frá 2. júní 1995.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar:

1. Búrfellslína 3A færirst lítillaga til suðurs þar sem hún fer yfir Kálfá í landi Stóra-Hofs að horni í landi Bólstaðar.

2. Búrfellslína 3A færirst til í landi Þrándarholts og norður fyrir Gunnbjarnarholt í landi Sandlækjarholts. Línan sameinast aftur áður staðfestri legu nokkru vestan við Reyki í Skeiðahreppi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Gnúpverjahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt breytinguna og mælir með staðfestingu hennar.

Umhverfissráðuneytinu, 27. maí 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Þórður H. Ólafsson.

28. maí 1998

Nr. 299

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 153/1998 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á tilgreindu tímabili, verð- og magntolli, vegna innflutnings á paprika, önnur (0709.6003) í 2. gr. reglugerðarinnar:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	01.06.-07.06.98	ótilgr.	7,5	99
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	08.06.-14.06.98	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	15.06.-30.06.98	ótilgr.	22,5	298